PRENTAÐ: 24. nóvember 2020 15:00:50 tota

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Yfirfarið
14 DEC 2020
[signature]
Fh. Byggingarfulltrúi

# SKÝRINGABLAÐ

## ALMENNT

VERKTAKI SKAL GANGA VEL FRÁ LÖGNUM SEM RJÚFA HÆÐARSKIL. FYLLA SKAL Í GATIÐ UMHVERFIS PÍPU M/STEINULL, ÞANNIG AÐ FULLKOMIN ÞÉTTING FÁIST Í FULLA LENGD HÆÐASKILA. GÆTA SKAL ÞESS AÐ PÍPAN KOMI EKKI VIÐ STEYPTA PLÖTU EÐA VEGGI.
ÞÉTTA SKAL MEÐ BRUNAKÍTTI MEÐ LÖGNUM VIÐ NEÐRI BRÚN PLÖTU EN AÐ OFANVERÐU MÁ LOKA STEINULLINNI MEÐ MÚR.
ÞÉTTA SKAL MEÐ BRUNAKÍTTI MEÐ LÖGNUM BÁÐUM MEGIN VIÐ BRUNAHÓLFANDI VEGGI.
BRUNAHERPIHÓLKA AF VIÐURKENNDRI GERÐ SKAL SETJA Á ALLAR PLASTLAGNIR STÆRRI EN Ø32 MM, SEM RJÚFA HÆÐARSKIL OG BRUNAVEGGI. BRUNAÞÉTTINGAR SKAL FRAMKVÆMA AF VIÐURKENNDUM AÐILA.
GÖT FYRIR LAGNIR ER EKKI LIGGJA Í GEGN UM BRUNAVEGGI SKAL FYLLA MEÐ STEINULL OG ÞÉTTA VEL AÐ LÖGNUM Í GATINU, ÞVÍ NÆST SKAL LOKA EINANGRUNINNI MEÐ KÍTTI.

ÞÆR PÍPUR, SEM Á AÐ EINANGRA, SKAL ÝMIST EINANGRA MEÐ HÓLKUM ÚR STEINULL/GLERULL, EÐA ÁDRAGSEINANGRUN. STEINULL Í GEGNUM HÆÐARSKIL.
**EINANGRUNARHÓLKAR** SKULU HAFA EFTIRFARANDI ÞYKKT:

| PÍPUÞVERMÁL | HEITT VATN | KALT VATN |
|---|---|---|
| DN15 - DN20 | 15 MM | 15 MM |
| DN25 - DN50 | 20 MM | 20 MM |
| >DN50 | 30 MM | 30 MM |

YSTA LAG EINANGRUNAR SKAL VERA ÁLYFIRBORÐ SEM ER ÞÁ RAKAVÖRN.
ÞVER- OG LANGSAMSKEYTUM SKAL LOKA MEÐ 40 MM BREIÐU ÁLLÍMBANDI AF VIÐEIGANDI GERÐ FYRIR VIÐKOMANDI YFIRBORÐ.
SNÍÐA SKAL EINANGRUN UTAN UM TENGISTYKKI ÞANNIG AÐ HÚN FALLI SEM BEST AÐ LÖGUN TENGISTYKKJANA.
ÞAR SEM LAGNIR FARA Í GEGNUM HÆÐASKIL EÐA VEGGI SKULU LAGNIR EINANGRAST AÐ FULLU MEÐ STEINULLARHÓLKUM.
ÁDRAGSEINANGRUN SKAL VERA MEÐ ÁLYFIRBORÐI.

## HITALAGNIR

*RÖR Í RÖR KERFI , GREINILAGNIR AÐ HANDKLÆÐAOFNUM:* GREINILAGNIR FRÁ TENGIKÖSSUM AÐ OFNUM SKULU VERA Á EFTIRFARANDI HÁTT: INNRI PÍPA PEX-RÖR MEÐ SÚREFNISKÁPU. PÍPURNAR SKULU ÞOLA 70°C VIÐ 10 BAR. YTRI PÍPA ÚR PE. FRÁGANGUR KERFIS SKAL VERA Í SAMRÆMI VIÐ FYRIRMÆLI FRAMLEIÐENDA.
TENGISTYKKI FYRIR PLASTPÍPUR SKULU VERA FRÁ SAMA FRAMLEIÐANDA OG PÍPURNAR. SAMA GILDIR UM TENGIDÓSIR Í RÖR Í RÖR KERFUM. TENGIDÓSIR FYRIR OFNA SKULU VERA ÞÉTTAR, ÞANNIG AÐ LEKI SKILI SÉR Í TENGIKASSA.
TENGIKASSAR FYRIR DEILIKISTUR SKULU VERA INNBYGGÐIR Í VEGG OG MEÐ LOKI. RÖR Ø16 MM SKAL KOMA Í BOTN OG ÚT ÚR VEGG NEÐAN VIÐ KASSAN, ÞAR SEM LEKI KEMUR FRAM EF LEKI KEMUR AÐ LÖGN.
Á HANDKLÆÐAOFNA SKULU KOMA VATNSHITASTÝRÐIR BAKRÁSARLOKAR.

*PÍPUR Í GÓLFHITASLAUFUM*: PÍPUR SKULU VERA PEX MEÐ SÚREFNISKÁPU SAMKVÆMT ÍST EN ISO 15875. HITAÞOL SKAL VERA AÐ LÁGMARKI 70°C VIÐ 10 BARA ÞRÝSTING OG 50 ÁRA ENDINGARTÍMA SKV. ÍST EN ISO 21003. VIÐ NIÐURLÖGN OG FESTINGU Á RÖRUM SKAL FARIÐ Í EINU OG ÖLLU EFTIR FYRIRMÆLUM FRAMLEIÐENDA RÖRA.SÚREFNISFILMA Á PLASTRÖR FYRIR GÓLFHITA SAMKVÆMT ISO 17455.

SVART STÁL: STÁL AF MEÐALÞYKKT MEÐ SKRÚFAÐAR SAMSETNINGAR, SAMKVÆMT ÍST EN 10255, EFNI SAMKVÆMT ÍST EN 10025, TENGISTYKKI SAMKVÆMT ÍST EN 10242.

HITALÖGN ÚR PLASTI ER ÞRÝSTIPRÓFUÐ Á EFTIRFARANDI HÁTT. ÞRÝSTIPRÓFUNIN SKIPTIST Í TVÆR LOTUR:
FYRSTA LOTA ER FRAMKVÆMD Í 1 KLST. OG ER ÞRÝSTINGURINN 1,5 X VINNUÞRÝSTINGUR EÐA 6 BAR. ÞRÝSTINGUR MÁ EKKI FALLA MEIRA EN UM 0,6 BAR, EF KERFIÐ STENST PRÓFIÐ ER FARIÐ Í SEINNI LOTU. SEINNI LOTA ER GERÐ Í FRAMHALDI AF FYRRI LOTU OG SAMI ÞRÝSTINGUR NOTAÐUR. ÞRÝSTIPRÓFUN Á SEINNI LOTU SKAL TAKA 2 KLST. OG ÞÁ MÁ ÞRÝSTINGUR EKKI FALLA MEIRA EN 0,2 BAR. VERKTAKI GETUR FENGIÐ LEIÐBEININGARBLAÐ SEM HEFUR VERIÐ GEFIÐ ÚT OG FYLLA SKAL ÚT PRÓFUNARBLAÐ SEM HÆGT ER AÐ FÁ HJÁ NMÍ OG AFHENDA EFTIRLITSMANNI NIÐURSTÖÐUR PRÓFANNA

STÁL PÍPUR SKULU PRÓFAÐA MEÐ 1,1 MPA ÞRÝSTINGI OG SKAL ÞRÝSTINGUR STANDA Í 120 MÍN. ÁN ÞESS AÐ FALLA OG ÁN ÞESS AÐ SAMSKEYTI SMITI.

ALLIR OFNAR SKULU ÞRÝSTIPRÓFAST VIÐ 8,0 BAR ÞRÝSTING OG SKULU UPPFYLLA KRÖFUR SKV. IST EN 442.

BYGGINGARSTJÓRA BER AÐ SJÁ UM ÚTTEKT BYGGINGAFULLTRÚA Á LÖGNUM ÞESSUM.

## NEYSLUVATN

*RÖR Í RÖR KERFI:* GREINILAGNIR FRÁ TENGIKÖSSUM AÐ HREINLÆTISTÆKJUM SKULU VERA Á EFTIRFARANDI HÁTT: INNRI PÍPA PEX- XA RÖR. PÍPURNAR SKULU ÞOLA 70°C VIÐ 10 BAR. YTRI PÍPA ÚR PE. FRÁGANGUR KERFIS SKAL VERA Í SAMRÆMI VIÐ FYRIRMÆLI FRAMLEIÐENDA, OG PÍPUR SKULU VERA ÆTLAÐAR TIL NEYSLUVATNSLAGNA. VÍSAST Í LEIÐBEININGARBLÖÐ RB ($E_2$).013.
TENGISTYKKI FYRIR PLASTPÍPUR SKULU VERA FRÁ SAMA FRAMLEIÐANDA OG PÍPURNAR. SAMA GILDIR UM TENGIDÓSIR Í RÖR Í RÖR KERFUM.

STOFNLAFNIR ERU PP-R PLASTPÍPUR: SAMKVÆMT ÍST EN ISO 15874/ÍST EN ISO 21003, MEÐ SOÐNUM SAMSKEYTUM. PÍPUR ÞESSAR SKULU VERA TREFJASTYRKTAR TIL AÐ MINNKA LENGDARÞENSLUR.

ÞRÝSTIPRÓFUNIN SKIPTIST Í ÞRJÁR LOTUR:

1. LOTA ER FRAMKVÆMD Í 30 MÍN. MEÐ 15 BAR ÞRÝSTINGI OG MÁ ÞRÝSTINGUR FALLA UM 0,6 BAR HÁMARK.
2. LOTU ER ÞRÝSTINGUR SETTUR Í 10 BAR Í 2 KLST. OG MÁ ÞRÝSTINGUR FALLA AÐ HÁMARKI UM 0,2 BAR.
3. LOTU ER ÞRÝST UPP Í 10 BAR Í 5 MÍN. OG SÍÐAN Í 1 BAR Í 5 MÍN., ÞETTA ER GERT FJÓRUM SINNUM OG MÁ ÞRÝSTINGUR EKKERT FALLA. GERA SKAL KERFIÐ ÞRÝSTINGSLAUST Á MILLI PRÓFANA.

LAGNIR ÚR STÁLI SKULU PRÓFAÐAR MEÐ 1MPA ÞRÝSTINGI OG SKAL ÞRÝSTINGUR STANDA Í 24 KLST. ÁN ÞESS AÐ FALLA OG ÁN ÞESS AÐ SAMSKEYTI SMITI.

BYGGINGARSTJÓRA BER AÐ SJÁ UM ÚTTEKT BYGGINGAFULLTRÚA Á LÖGNUM ÞESSUM.

## FRÁRENNSLI INNANHÚSS

*PP-HLJÓÐDEYFÐAR ( POLYPROBYLEN ) PLASTLAGNIR ERU Í LAGNASTOKKUN OG GREINILÖGNUM*: SETTAR SAMAN Í MÚFFUM MEÐ GÚMMÍ HRINGJUM.
ÖLL TENGISTYKKI SKULU VERA ÚR SAMA EFNI OG HÆFA VIÐKOMANDI LÖGN.
ALLAR FRÁRENNSLISPÍPUR SKAL HENGJA UPP OG FESTA SKV. FYRIRMÆLUM FRAMLEIÐENDA. LAGNIR SKAL FESTA MEÐ KLEMMUM MEÐ GÚMMÍFÓÐRINGUM ÞANNIG AÐ HLJÓÐLEIÐNI VERÐI SEM MINNST Í BURÐARVIRKI HÚSSINS.

ÖLL GÓLFNIÐURFÖLL TIL NOTKUNAR INNANHÚSS SKULU UPPFYLLA KRÖFUR EN ÍST EN 1253-1.
VIÐ FRÁGANG GÓLFNIÐURFALLA SKAL ENDANLEGT YFIRBORÐ RISTA VERA A.M.K. 4 MM FYRIR NEÐAN AÐLIGGJANDI GÓLF.

FRÁRENNSLISLAGNIR, (STOFNAR Í LAGNASTOKKUM) INNANHÚSS SKAL EINANGRA MEÐ 30 MM ÞYKKUM STEINULLARHÓLKUM EÐA ÁDRAGSEINANGRUN ÞAR SEM ÞAÐ Á VIÐ. YSTA LAG EINANGRUNAR SKAL VERA ÁLYFIRBORÐ. ÞVER- OG LANGSAMSKEYTUM SKAL LOKA MEÐ 40 MM BREIÐU ÁLLÍMBANDI ER HÆFIR VIÐKOMANDI YFIRBORÐI

## LAGNIR Í JÖRÐU

PVC-PÍPUR ( POLYVINIL CHLORIDE ): SAMKVÆMT ÍST EN 1852 - ÍST CEN 14758 MEÐ GÚMMÍ-HRINGJUM TIL ÞÉTTINGAR Á SAMSKEYTUM SAMKVÆMT ÍST EN 681. TENGISTYKKI SKULU VERA FRÁ SAMA FRAMLEIÐANDA.
FRÁGANGUR FRÁRENNSLIS-OG REGNVATSLAGNA: UNDIR PÍPUR KEMUR 150 MM JÖFNUNARLAG ÚR SANDI SEM ÞJAPPIST VANDLEGA. HÆÐ JÖFNUNARLAGSINS SKAL HÆFA BELG RÖRANNA OG SKAL TAKA ÚR FYRIR MÚFFUM EFTIR ÞJÖPPUN ÞESS.
EFTIR AÐ PÍPUR HAFA VERIÐ LAGÐAR SKAL FYLLA AÐ ÞEIM MEÐ SANDI A.M.K. 200 MM.
PÍPUR SKAL LEGGJA MEÐ JÖFNUM HALLA OG Í BEINNI LÍNU OG SKAL ÞESS VANDLEGA GÆTT AÐ ÞÆR HVÍLI Á BELGNUM EN EKKI Á MÚFFUM.
FRÁGANGUR JARÐVVATNSLAGNA: PÍPUR SKAL LEGGJA Í JÖFNUNARLAG ÚR SANDI. UMHVERFIS PÍPURNAR SKAL SKAL VERA MALARSÍA ÚR HARPAÐRI MÖL MEÐ STEINASTÆRÐ 2 - 20 mm, A.M.K. 150 mm.
YFIR MALARSÍUNA SKAL LEGGJA SÍUDÚK.
ÞAKNIÐURFALLS PÍPUR ERU PE-PLASTPÍPUR MEÐ SOÐNUM SAMSKEYTUM.
ÞRÝSTIPRÓFA SKAL ALLAR LAGNIR Í JÖRÐ MEÐ 2MVS ÞRÝSTINGI, EFTIR AÐ PÍPUKERFI HEFUR VERIÐ SKOLAÐ ÚT.

## SKÝRINGAR

FRÁRENNSLISLÖGN
REGN / DRENLÖGN
KALT NEYSLUVATN
HEITT NEYSLUVATN
HITAKERFI FRAMRÁS
HITAKERFI BAKRÁS
LOKAÐ HITAKERFI FRAMRÁS
LOKAÐ HITAKERFI BAKRÁS

| | |
|---|---|
| HL | HANDLAUG |
| GN | GÓLFNIÐURFALL DN100 |
| SN | STURTUNIÐURFALL |
| VS | SALERNI |
| RV | RÆSTIVASKUR |
| ÞV | ÞVOTTAVÉL |
| EV | ELDHÚSVASKUR |
| ST | STÚTUR |
| SB | STEYPIBAÐ |
| ÞN | ÞAKNIÐURFALL |

## ÚTGÁFUFERILL

| ÚTG. | DAGS. | SKÝRINGAR | HANNAÐ | YFIRF. | SAMÞ. |
|---|---|---|---|---|---|
| 01 | 20.11.2020 | VERKTEIKNING | HjS | HJ | TGS |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |

| DAGS. UNDIRSKRIFTAR | F.H. MANNVITS (NAFN OG KT.) |
|---|---|
| 28.11.2020 | Torfi G Sigurðsson TGS 040162-5779 |

| DAGS. UNDIRSKRIFTAR | HÖNNUNARSTJÓRI (NAFN OG KT.) |
|---|---|
| 28.11.2020 | Torfi G Sigurðsson TGS 040162-5779 |

BYGGT Á AÐALUPPDRÁTTUM LOTU - DAGS.: 20.10.2020 - ÚTGÁFA: B

20203420

HÖNNUÐUR

MANNVIT

Urðarhvarfi 6 203 Kópavogi Sími: 422 3000 Fax: 422 3001
www.mannvit.is mannvit@mannvit.is Kt: 430572-0169

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR, AÐ HLUTA EÐA HEILD, ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA.

HEITI VERKS

GOÐHÓLL
GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI
805 SELFOSSI

HEITI TEIKNINGAR

ALMENNAR SKÝRINGAR
FRÁRENNSLIS-, HREINLÆTIS- OG HITALAGNIR

| FRUMÚTGÁFA | MKV. | | STÆRÐ |
|---|---|---|---|
| 20.11.2020 | % | | A1 |

| VERKNÚMER | VERKHLUTI | TEIKNINGANÚMER | ÚTGÁFA |
|---|---|---|---|
| 3.861.235 | 000 | VDR-1000 | 01 |

TÖLVUSKRÁ: S:\3-vnr\861 Árnessýsl\235-Goðhóll\7 TEIKNINGAR\P-PÍPULAGNIR\SKÝRINGAR - DEILIKISTUR - FR-NV-HI.dwg